

## **Skólaráð og stjórn foreldrafélagsins 11. mars 2019 kl. 15:00-16:45.**

Mættir: *Guðlaug, Hrefna, Heiðdís, Ólöf, Sigurbjörn, Silla, Gerða, Anna Elísabet, Kristín.*

Guðlaug fer yfir dagskrá fundarins, fulltrúar foreldrafélagsins sitja þennan fund.

Gerða segir frá umsókn skólans í þróunarsjóð, A og B sjóð, skólinn vilji fá þróunar styrk. Allir koma með hugmyndir um hvaða þekking og færni þurfa nemendur að hafa þegar þeir útskrifast úr grunnskóla, hvaða áskoranir mæta okkur/samfélaginu í dag, eftir 10 ár, 20 ár og að lokum hvað þarf skólinn að gera til að undirbúa nemendur og kennara fyrir þessar áskoranir. Ýmis mál rædd og Gerða með punkta yfir það.

Sagt frá sköpunarsmiðjum sem fyrirhugaðar eru á millisvæðunum þegar veggirnir koma. Fyrirhugað er að sækja um þróunarstyrk til að framkvæma það, erum í samvinnu með Selásskóla og Vesturbæjarskóla.

Foreldrafélagið hittist á dögunum og kom þar fram spurningin, til hvers erum við með foreldrafélag? Miklar umræður um hvað foreldrafélagið geri og hvort það þurfi að vera. Bekkjarfulltrúar almennt ekki virkir, stjórnin minnir á nánast mánaðarlega og hvetur bekkjarfulltrúa til að vera virkir. Einungis einn bekkur hefur sótt um styrk til foreldrafélagsins vegna bekkjarskemmtunar. Foreldrafélagið hefur áhuga á að gera könnun um hvað foreldrar vilja almennt að foreldrafélagið geri og hvað fólk væri til í að taka þátt í.

Af hverju er verið að gefa börnunum nammi á öskudaginn, fá börnin ekki nóg af nammi á þessum degi? Mætti gefa eitthvað annað? Foreldrafélagið skoðar málið.

Spurt hvort popplesturinn verið ekki aftur? Verður í 2 vikur í apríl/maí

Foreldrafélagið þarf að dreifa hjálmum, gerir líklega á fundi

Rætt um að stundum upplifa nemendur að heilu kyni sé refsað fyrir það sem nokkrir aðilar af því kyni gera. Mætti passa betur upp á það, t.d. ef einn strákur hagar sér illa þá þurfi allir strákarnir að líða fyrir það. Guðlaug nefnir að þetta verði skoðað og rætt en dettur helst í hug að þetta sé þegar kynjaskipt er í raðir á yngri stigunum en það þarf þá að endurskoða hvernig raðirnar eru skipulagðar. Nemendur í skólaráði segja að það sé ekki þeirra upplifun að slíkt sé eftir kyni en stundum líði allur hópurinn fyrir þegar nokkrir trufla.

Spurt um sundhópa hjá 4. bekk, einn hópur er eftir skóla og ekki hefur verið skipt um hópa. 4. bekkur er í innisundi en fara ekki í útilaugina. Guðlaug skoðar í samvinnu við íþróttakennarana en það var töluvert flókið skipulag í kringum stundið bæði út af lausum tímum í lauginni og einnig var nemendum ráðað í hópa eftir því hvort þau voru upptekin á æfingum eftir kennslu.

Íþróttir strax eftir mat eru erfiðar en lítið hægt að gera við því vegna. Einnig spurt um skóskyldu í íþróttum, einhver sem sér um göngugreiningu segir mikilvægt að allir nemendur þurfi að vera í skóm í íþróttum, Guðlaug skoðar málið og ræðir við íþróttakennarana.

Póstur sem sendur var í upphafi skólaárs um skólasund var illa orðaður og mjög kyngerður. Mætti lesa hann yfir fyrir næsta haust og laga og umorða.

Næsti fundur verður helgaður nemendamálum og þá verða nemendur búnir að heimsækja bekki.

Fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur er 6.maí kl. 15:00.